

Nd. 181. Frumvarp til laga [148. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980.)

1. gr.

20. gr. orðist svo:

C. TEKJUR

20. gr.

Útgjöld lífeyristrygginga skulu ríkissjóður og atvinnurekendur bera.

Framlag atvinnurekenda skal vera 2% af öllum tegundum launa eða þóknana fyrir starf liðins árs. Sama er hvort greitt er í peningum eða á annan hátt. Sé greitt á annan hátt en í peningum, t. d. í hlunnindum, skal meta þau til stofns eftir sömu reglum og gilda um launaskatt skv. lögum nr. 14/1965 með síðari breytingum.

2. gr.

2., 3. og 4. mgr. 21. gr. orðist svo:

Samkvæmt þessari staðfestu áætlun skal ákveðið framlag ríkisins næsta ár.

Nú verður veruleg breyting fyrir árslok á einhverjum þeim atriðum í framlagi ríkisins, sem miðað er við, þegar grundvöllur fjárhagsáætlunar var lagður, og getur ráðherra þá breytt framlögum ríkisins í samræmi við þá breytingu.

Komi í ljós við reikningslok, að hið áætlaða framlag ríkisins hafi verið of hátt eða of lágt, skal áætlað framlag ríkisins fyrir næsta ár við það miðað, að leiðrétting náist.

3. gr.

3. gr. laga nr. 59/1978, sbr. 25. gr. laga nr. 67/1971 falli niður.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1981.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 27. október s. l. lýsti ríkisstjórnin yfir því í tengslum við gerð kjarasamninga, að hún myndi beita sér fyrir ýmsum félagslegum réttindamálum.

Frumvarp það sem hér er flutt tengist frv. um fæðingarorlof til handa öllum konum, sem er byggt á framangreindri yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og lagt er fram samtímis þessu frumvarpi.

Um 1. gr.

Samkvæmt gildandi lögum ber ríkissjóður 86% af útgjöldum lífeyristrygginga en atvinnurekendur eins og þeir eru skilgreindir í lögnum 14%. Með breytingum, sem gerðar voru á almannatryggingalögnum 1978, sbr. nú 25. gr., skal jafna framlagi atvinnurekenda niður á þá með iðgjaldi, reiknuðu sem hundraðshluti af greiddum launum, eftir sömu reglum og við útreikning launaskatts. Þessi hundraðshluti, sem standa á undir kostnaðarhluta atvinnurekenda, skal ákveðinn með reglugerð. Samkvæmt reglugerð nr. 94/1979, sem auk annars fjallar um þennan hluta, er gjaldstofn lífeyristryggingagjalda hinn sami og gjaldstofn launaskatts og gjaldstigi 2%. Í raun er því um að ræða 2% gjald af öllum launum, þannig að 14% reglan er ekki til í framkvæmd. Með þeim breytingum, sem hér eru lagðar til, er ætlast til að þessi regla verði lögfest en fallið frá ákveðinni prósentuskiptingu milli ríkis annars vegar og atvinnurekenda hins vegar. Það sem á vantar, að fengnum 2% atvinnurekenda,

greiðir ríkið í samræmi við áætluð útgjöld ársins eða endanlegt uppgjör hvers árs. Kemur því ekki til að krafist verði neinnar viðbótar frá atvinnurekendum, þar sem þeir greiða alltaf 2% af gjaldstofni liðins árs. Þannig getur ráðherra ekki breytt framlögum atvinnurekenda í samræmi við breyttan grundvöll fjárhagsáætlunar eins og nógildandi 21. gr. heimilar. Hið sama gildir og um reikningslok og hækkun á næsta árs framlagi vegna of lágra framlaga liðandi árs.

Mun regla þessi, ef að lögum verður, auðvelda framkvæmd til muna.

Um 2. gr.

Þær breytingar sem lagðar eru hér til á 21. gr. eru samstiga breytingum á 20. gr. sbr. nánari athugasemdir við 1. gr. hér að framan.

Um 3. gr.

Lagt er til að 25. gr. nógildandi laga falli niður enda er hún óþörf, ef 1. gr. þessa frumvarps verður að lögum, en greinin fjallar um framlög atvinnurekenda og iðgjöld, sbr. nánar það sem segir um slíkt í athugasemdum við 1. gr. hér á undan.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringar.